

## Fyrirspurn

til sjávarútvegsráðherra um skipstjórnkvóta.

Frá Sverri Hermannssyni.

1. Hvers eðlis var hinn svonefndi „skipstjórnkvóti“? Hvaða reglur voru samdar um sér-úthlutun skipstjórnkvóta og hverjir hlutu?
2. Var endurúthlutað kvóta til skipa vegna stækkunar skips eða aukinna afkasta og hverjir hlutu?
3. Hversu mikið kom í hlut hvers kvótaþega í þorskígildum?
4. Hvernig skiptist úthlutunin eftir fisktegundum?
5. Hvaða hlutverki gegndi svokölluð „samráðsnefnd“ þegar um endurúthlutun aflakvóta eða aflahlutdeilda var að ræða, annars vegar „skipstjórnkvóta“ og hins vegar til endurúthlutunar á skip vegna annarra ástæðna og um hvaða skip var að ræða?

Skriflegt svar óskast.